SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarráðuneytið
b.t. Ásmundar Einars Daðasonar
félags- og jafnréttismálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 15. október 2018

1806019SA KB
Málalykill: 02.00

Efni: Nýr lagarammi félagsþjónustu

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 10. október 2018 var lagt fram bréf velferðarráðuneytisins, dags. 2. október 2018, tilv. VEL18090112/06.41.00, um nýjan lagaramma félagsþjónustu ásamt meðfylgjandi umsögn sambandsins, dags. 13. september 2018, um málið. Einnig var lagt fram meðfylgjandi yfirlit um útgjöld vegna NPA-samninga 2016-2019.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að sveitarfélög séu jákvæð gagnvart þeim fjölmörgu valkostum er til verða samhliða innleiðingu á NPA sem lögákveðnu þjónustuformi. Ljóst er að þessir valkostir eru til þess fallnir að gagnast notendum sem og sveitarfélögum sem bera ábyrgð á skipulagi þjónustu við fatlað fólk.

Stjórnin leggur hins vegar þunga áherslu á að vel verði staðið að innleiðingunni og að sveitarfélög fái nægan tíma til þess að undirbúa gerð nýrra NPA-samninga við notendur, og endurnýjun þeirra samninga sem verið hafa í gildi. Forsenda þessa undirbúnings er að fyrir liggi kostnaðarmetin reglugerð sem lýsir framkvæmdinni. Ítrekað er að það er á grundvelli þeirrar reglugerðar sem sveitarfélögum er ætlað að setja sínar eigin reglur um staðbundna aðlögun þjónustunnar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga átelur þann drátt sem orðið hefur á að hafist væri handa við kostnaðarmat. Óboðlegt er að sú staða hafi komið upp að NPA væri lögfest án þess að efni reglugerðarinnar lægi fyrir. Margháttuð óvissa fylgir þessari stöðu og vinnur gegn því yfirlýsta markmiði löggjafans að réttarstaða notenda og ábyrgðaraðila þjónustu sé skýr við gerð og endurnýjun samninga um NPA. Áríðandi er að málið verði rætt til niðurstöðu á fundi sambandsins með félags- og jafnréttismálaráðherra sem áformað er að halda fyrir lok októbermánaðar.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri